



Starfsáætlun 2025-2026



Leikskólar Kópavogs

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	3
2.	Inngangur	3
3.	Leiðarljós leikskólans	4
	Skólastarfið.....	4
4.	Mat á skólastarfi.....	4
	Innra mat leikskólans.....	4
	Ytra mat.....	5
	Umbótaáætlun	6
5.	Áherslur í starfi leikskólans.....	6
	Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
6.	Foreldrasamstarf	7
	Foreldraráð.....	7
	Foreldrafélag	8
	Starfsmannamál	8
	Samsetning starfsmannahópsins.....	8
	Símenntunaráætlun	8
	Skipulagsdagar.....	8
7.	Aðrar upplýsingar	9
	Fjöldi barna.....	9
	Húsnæði og lóð.....	9
	Skólaárið 2023 - 2024	9
	Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026.....	10
	Öryggismál.....	10
8.	Fylgigögn.....	11
	Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	11
	Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	11
	Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	11
	Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	11

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2024-2025 voru 104 börn innrituð í skólann að hausti en fjölgaði upp í 106 yfir veturinn. Allar deildirnar sex voru starfsræktar. Deildirnar eru Sjónarhóll og Esja á bláa gangi, Lundur og Askja á gula gangi og Dyngja og Perla á rauða gangi. Náíð samstarf var á bláa gangi en þar var unnið með flæði milli deilda eftir hádegi. Minna samstarf var á öðrum deildum skólans en stundum var þó flæði milli deilda, verkefni á gangi og svo framvegis. Aldursdreifing á deildum var misjöfn en á fjórum deildum voru þrír árgangar á deild og á yngstu tveimur voru deildirnar aldurshreinar sem er ekki í takt við okkar stefnu.

Það var unnið áfram eftir einkunnarorðum skólans sem eru samvinna, lýðræði og atorka. Einnig var unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia, lagt áherslu á áhugasvið barnanna, lýðræðisleg vinnubrögð og að efla börnin til sjálfshjálpar. Leikurinn, útvera og ævintýraferðir hafa einnig skipað stóran sess hjá okkur í leikskólanum.

Skólaárið 2025-2026 eru 103 börn innrituð í skólann. Nokkur breyting verður á aldursdreifingu í barnahópnum en á öllum deildum verður aldursdreifingin þannig að það verða tveir árgangar á hverri deild. Í júlí 2025 munu 13 elstu börn hætta og hefja sína grunnskólagöngu í haust en skólaárið 2025-2026 verða elstu börn 24 talsins.

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á gerð áætlana, virkt endurmat, fræðslu fyrir starfsfólk og valdeflingu. Áhersla verður á að gera skólastarfið sýnilegra fyrir bæði starfsfólk og foreldra. Einnig verður lögð áhersla á að vinna og styrkja allar grunnstoðir skólans með ánægju og vellíðan barna, foreldra og starfsfólks í fyrirrúmi.

3. Leiðarljós leikskólans

Skólastarfið

Í Austurkór viljum við að börnin sem útskrifast úr skólanum hafi öðlast færni í að vinna í hópi, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhyggð. Að börnin séu meðvituð um að þau séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrir. Þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu. Hornsteinar skólastarfsins endurspeglast í námslotum en skólaárinu er skipt upp í þrjár lotur og eru þær nefndar eftir gildum skólans – samvinna – lýðræði og atorka.

Starfsaðferðir skólans miða að því að börnin hafi áhrif á nám sitt, verkefnaval og skólaumhverfið. Samvinna er mikil á milli kennara og barna sem og í barnahópnum sjálfum og styður aldursblöndun deilda og flæðandi dagsskipulag við samkennd, umburðarlyndi, hlustun og jafningjaleiðsögn. Hægt er að lesa ýtarlega um skólastarfið í skólanámskrá skólans.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Innra mat veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Austurkór eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra.*

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2025-2026	2026-2027	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x

Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umræður		x		x

Innra mat 2024-2025

Á vordögum 2025 var farið í heildarmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi. Matið er byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs. Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2023-2024. Matsteymi var sett saman í byrjun á maí. Farið var inná allar deildir og þættir metnir út frá gátlistunum og rætt var við starfsfólk. Einnig svöruðu foreldrar spurningakönnun um námsþáttinn og viðtöl voru tekið við börn í leikskólanum.

Efnistöð matsins voru flokkuð niður í að koma og fara, samverustundir, svefn, líkamlega umhirðu, frjálsan leik, umhverfi, aðlögun, matartíma, ævintýraferðir, vettvangsferðir, útiveru, heimsmarkmið og kennaraping. Matsteymi skólans vann úr niðurstöðunum og kom með tillögur um úrbætur þar sem þess reyndist þörf.

Ytra mat

Skólapúlsinn var með viðhorfskönnun meðal foreldra sem fór fram í janúar 2025. Niðurstöður þeirra könnunar voru að foreldrar voru mjög ánægðir með starf leikskólans. Ánægja foreldra hefur aukist á öllum sviðum hvort sem um ræðir samskipti, faglegt starf, upplýsingaflæði og svo framvegis.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2025. Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar er að ánægja starfsmanna hefur aukist. Starfsfólki líður vel í vinnunni, finnur fyrir stöðuleika, að þau skipta máli og að hlustað sé á þau.

Deildastjórar tóku starfsmannaviðtöl við sína starfsmenn í nóvember 2024. Niðurstöður voru þær að starfsfólk var í heildina mjög ánægt og líður vel í vinnunni. Þeim fannst haustið fara vel af stað og voru spennt fyrir komandi vetri.

Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við alla starfsmenn frá febrúar og fram í apríl. Niðurstöður samtalanna voru þær að starfsfólk var í heildina mjög ánægt í vinnunni. Það kom þó fram að bæta þarf samskipti milli deilda og á sumum deildum þarf að skerpa á skipulagi, upplýsingaflæði og verkaskiptingu. Þegar er hafin vinna í að laga þá þætti sem þurfti að skerpa á og miðar þeirri vinnu vel áfram.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Austurkór er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Næsta skólaár munum við halda áfram á sömu braut hvað varðar starfsaðferðir og barnssýn. Niðurstöður endurmats sýna að alltaf eru sóknarfæri á að gera betur og viljum við setja fókussinn þetta árið á gerð áætlana, virkt endurmat, fræðslu fyrir starfsfólk og valdeflingu. Við viljum gera skólastarfið sýnilegra fyrir bæði starfsfólk og foreldra ásamt því að leggja áherslu á að vinna og styrkja allar grunnstoðir skólans með ánægju og vellíðan barna, foreldra og starfsfólks í fyrirrúmi.

Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreytt verkefni er snúa að menningu og fjölbreytileika þeirra barna og starfsfólks sem er á deildinni. Þannig stuðlum við að fjölmennningarlegu samfélagi og inngildingu í skólanum.

Deildastjórar og starfsfólk mun setja niður í hverjum mánuði plan fyrir ævintýraferðir og gefst þá tækifæri á að tengja þær við verkefni sem er verið að vinna á deildunum. Þannig er líka hægt að ákveða hversu stór hópur fer í hverja ferð og bjóða upp á mismunandi upplifanir.

Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreyttar tónlistastundir sem þar sem markmiðið er að kynna þau fyrir músíkölskum samskiptum eins og fjölbreyttri tónlist, hljóðfærum og tónum ásamt því að efla virka hlustun og næmni þeirra fyrir hljóðum því það eykur félagslegan og tónlistalegan þroska þeirra. Tónlist í allri sinni mynd eykur jafnframt orðaforða og eflir málþroska. Endurmeta þarf einu sinni á önn.

Sérgreinastjóri verður með hreyfistundir á eldri deildunum. Á yngri deildunum verður jóga/hreyfistund í hverri viku sem starfsfólk deildanna sér um. Ábyrgðaraðilar eru sérgreinastjóri og deildastjórar yngri deilda. Endurmetið einu sinni á önn.

Kennarabingsblöð verða virkjuð aftur og notuð í gegnum verkefnið. Blöðunum verður safnað saman í kennarabingsmöppu sem merkt er hverri deild. Þannig verða verkefnin ígrunduð frá upphafi, sýnileg og auðvelt fyrir alla að átta sig á hvað er verið að vinna að. Ein skráning er svo gerð í tengslum við hvern viðburð sem nýttur er í kennarabingið. Skráninguna er svo hægt að nota í ferilmöppur, jafnóðum fyrir börnin inni á deildum eða fyrir foreldra.

Stjórnendur og starfsfólk þarf að setjast niður og gera kennsluáætlun fyrir samverustundir. Hvað er verið að leggja áherslu á hverju sinni. Einnig þarf að ákvarða betur hvað er kennt á hverju aldursbili. Deildastjórar og starfsfólk þarf svo að fylgja áætluninni eftir og merkja jafnóðum við hvað er klárað og ef það verða breytingar að skrifa það einnig inn. Endurmeta einu sinn í enda hvorrar annar.

Stjórnendur þurfa að kynna heimsmarkmið betur fyrir nýju starfsfólki. Nýta þarf tíma í byrjun skólaárs til þess. Stjórnendur þurfa að velja tvö heimsmarkmið sem leggja á áherslu á í gegnum skólaárið. Deildastjórar flétta þessi heimsmarkmið inn í starfið og er gott að nýta starfsáætlun deilda til að þetta sé markvisst gert. Deildastjórar og starfsfólk vinnur svo að þessu í gegnum veturinn. Metið í lok hvorrar annar.

Farsæld barna kynnt fyrir nýjum foreldrum á fundi. Kynning verður haldin fyrir starfsfólk næsta haust. Fræðsla fyrir deildastjóra í tengslum við það hvernig best er að kynna samþætta þjónustu. Fylla reglulega út gátlistana tengt farsæld barna og endurmeta og setja ný markmið. Bæta við tengilið fyrir farsældina. Deildastjórar halda uppi samtalinu inni á deild og á deildarfundum.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og til að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla þarf að skapa tengsl sem einkennast af trausti, virðingu og hlustun. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að í Austurkór ríki heimilislegt andrúmsloft. Við teljum að þannig andrúmsloft skapist með trausti, virðingu, samtali og sameiginlegum ákvörðunum um starf skólans.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Í skólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að koma á framfæri skoðunum foreldra varðandi skólastarfið, skipulag og áherslupætti námsins. Foreldraráð gefur umsagnir um ýmsar áætlanir og hefur áhrif á stefnumótun skólans. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra og eru starfsreglur foreldraráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í Austurkór, skipuleggja foreldrastarfið og standa fyrir ýmsum viðburðum sem auðga leikskólalífið. Foreldrafélagið er í góðum samskiptum við stjórnendur og skipuleggja saman ýmsa þætti í skólasamfélaginu.

Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Skólaárið 2025-2026 er gert ráð fyrir 18.6 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75% stöðu sérkennslustjóra og 200% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysingar vegna veikinda, undirbúningstíma, skóla hjá starfsfólki og sérkennslu barna.

Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

Starfsmannahópurinn í leikskólanum er mjög fjölbreyttur. Í skólanum starfar matráður, starfsfólk með aðra háskólamenntun, leiðbeinendur, þroskajálfi, leikskólaliðar auk leikskólakennara. Í skólanum eru þó nokkrir sem stunda nám í leikskólakennarafræðum. Sumarið 2025 útskrifuðust þrír starfsmenn úr mastersnámi með kennararéttindi og einn starfsmaður útskrifaðist sem leikskólaliði. Tveir starfsmenn halda áfram næsta vetur í meistaranámi við Háskólann á Akureyri ásamt því að fjórir starfsmenn byrja í grunnnámi í leikskólakennarafræðum ýmist við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri.

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna eftir því sem mögulegt er. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdá hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Mánudagurinn. 22. september – Fræðsla í tengslum við heimsmarkmiðinn, kennaraping og sjálfstýrandi þing. Fræðsla og heimsókn tengslum við útinám.
2. Miðvikudaginn 12.nóvember – Endurmat á haustönn og unnið áætlunum og skipulagi fyrir vorönn.

3. Mánudagurinn 26. janúar - Fræðsla og undirbúningur fyrir PALS fyrir haustið.
4. Miðvikudagurinn 10.mars – Endurmat hafið á vorönn og unnið áfram með námsefni og námsþætti sem verið er að innleiða og styrkja.
5. Föstudagurinn 15. maí – Endurmat á vorönn klárað, unnið að undirbúningi og skipulagi fyrir haustönn. Hópefli fyrir starfsfólk.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

7. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Haustið 2025 eru 103 börn skráð í leikskólann. Það eru 21 börn eru fædd 2020, 27 börn fædd 2021, 15 börn 2022, 23 börn fædd 2023 og 17 börn fædd 2024.

Eitt barn er með 8,75 stunda dvalartíma á dag, 8 börn eru með 8,5 stunda dvalartíma á dag, 2 börn eru með 8,3 stunda dvalartíma á dag, 4 börn eru með 8,25 stunda dvalartíma á dag, 23 börn eru með 8 stunda dvalartíma á dag, eitt barn er með 7,85 stunda dvalartíma á dag, 3 börn með 7,75 stunda dvalartíma á dag, eitt barn er með 7,7 stunda dvalartíma á dag, 8 börn með 7,5 stunda dvalartíma á dag, eitt barn með 7,3 stunda dvalartíma á dag, eitt barn með 7,2 stunda dvalartíma á dag, 2 börn eru með 7 stunda dvalartíma á dag, 1 barn með 6,5 stunda dvalartíma á dag, 35 börn með 6 stunda dvalartíma á dag og 3 börn með 5 stunda dvalartíma á dag.

Næsta vetur verða 12 ÍSAT börn og 8 tvítyngd börn við skólann.

Sérkennsla: Þetta skólaárið eru þrjú börn sem tilheyra 2. flokki, tvö börn tilheyra 3. flokki og 35 börn tilheyra 4. flokki, samtals er um að ræða 33 stundir og 17 mínútur.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2023 - 2024

Gangar voru málaðir ásamt fundarherbergi og fyrrum matsal skólans og stefnt er að breyta matsalnum í hreyfisal á komandi ári. Gluggar voru þrífir að utan í vetur og endurnýja þurfti nokkrar gardínur inni á deildum.

Enn á eftir að laga gólf við útihurð hjá Sjónarhóli eftir leka sem uppgötvaðist árið 2023.

Gólf voru bónuð sumarið 2024 og verður gangur bónaður 2025 ásamt því verður þrifið hátt og lágt. Komið er í ferli að endurnýja mottur í skólanum og verður byrjað á að kaupa mottur inn á bláa gang í haust, á næsta ári inn á gula gang og svo árið eftir inn á rauða gang.

Ýmislegt er enn í ólagi á lóð skólans og verður verra með hverju árinu. Það sem þarf að bæta er meðal annars grasfletir, gúmmihellur, hellulögn, málning á leiktækjum og vöntun á leiktækjum fyrir yngri börn. Það er búið að biðja um að laga þessa hluti og eru þeir í langtíma ferli. Við höfum því reynt að gera það sem við getum á meðan með því að skreyta garðinn með skemmtilegum þarísam, stöfum og tölum. Byggja útielldhús og tónlistavegg sem hefur

gengið misvel því umgengni um skólalóðina er ekki góð þegar skólinn er lokaður og hefur sumt verið eyðilagt jafnóðum og við reynum að gera fínt.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Seinustu ár hefur verið óskað eftir fleiri leiktækjum á lóðina sem henta ungum börnum. Ljóst er að aldurssamsetning barna seinustu skólaár er með þeim hætti að skólalóðin þjónar ekki nægjanlega vel þeirra þörfum. Næsta skólaár eru yngri börnin enn fleiri og því þörfin enn meiri.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Skólaárið 2024-2025, (ágúst – ágúst) urðu 5 slys í skólanum, þar af 5 á börnum og 0 hjá starfsmönnum. Öll slysin eru flokkuð sem minniháttar.

8. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Vera með markvissari verkefni sem tengjast mismunandi menningu og fjölbreytileika svo sem mat, hefðum, þjóðfánum og tónlist.	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreytt verkefni er snúa að menningu og fjölbreytileika þeirra barna og starfsfólks sem er á deildinni. Þannig stuðlum við að fjölmennningarlegu samfélagi og inngildingu í skólanum	Verklok eru í ágúst 2025	Deildastjórar	Að ólík menning sé sýnileg á deildunum í skólanum.	Í ár hefur vinna þessu tengdu aukist enn mætti enn vera markvissari og skiptir þar starfsáætlun deilda miklu máli.
Deildastjórar og starfsfólk munu setja upp ferðaáætlun fyrir ævintýraferðir. Eina áætlun fyrir haustönnnina og aðra fyrir vorönnnina. Þar er skráð niður markmið með hverri ferð, stærð hópa, hvert er farið og svo framvegis. Jafnóðum yfir önnnina er svo tékkað í áætlunina og skrifaðar niður breytingar og ástæður fyrir þeim. Endurmat gert tvisvar á ári.	Endurmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Deildastjórar og starfsfólk mun setja niður í hverjum mánuði plan fyrir ævintýraferðir og gefst þá tækifæri á að tengja þær við verkefni sem er verið að vinna á deildunum. Þannig er líka hægt að ákveða hversu stór hópur fer í hverja ferð og bjóða upp á mismunandi upplifanir.	Verklok á fyrrihluta eru í ágúst 2025 og seinni hluta eru í janúar 2026.	Deildastjórar	Tilbúin ferðaáætlun sem tékkað er í jafnóðum ásamt breytingum ef verða. Endurmat mun gefa viðmið um árangur.	Farið er í ævintýraferðir en þær mættu vera oftar og markvissari.
Nýta tónlist og hljóðfæri betur og hafa fjölbreyttari tónlist	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreyttar tónlistastundir sem þar sem markmiðið er að kynna þau fyrir músíkölskum samskiptum eins og fjölbreyttri tónlist, hljóðfærum og tónum ásamt því að efla virka	Verklok eru í ágúst 2025	Deildastjórar	Hægt sé að sjá í starfsáætlun deildanna skipulag á tónlistarstundum fyrir deildina. Endurmat á hverri	Starfsfólk er duglegt að syngja og spila tónlist með börnunum. Hljóðfærin eru þó lítið notuð og

		hlustun og næmni þeirra fyrir hljóðum því það eykur félagslegan og tónlistalegan þroska þeirra. Tónlist í allri sinni mynd eykur jafnframt orðaforða og eflir málþroska. Endurmeta þarf einu sinni á önn.			önn gefur viðmið um árangur.	þarf að bæta inn í þessar stundir.
Hafa fleiri skipulagðar hreyfistundir í skólanum og mætti nýta matsalinn og fleiri svæði betur í það.	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Sérgreinastjóri verður með hreyfistundir á eldri deildunum. Á yngri deildunum verður jóga/hreyfistund í hverri viku sem starfsfólk deildanna sér um. Ábyrgðaraðilar eru sérgreinastjóri og deildastjórar yngri deilda. Endurmetið einu sinni á önn.	Verklok eru í júní 2026	Sérkennslustjóri og deildastjórar yngri deilda	Hægt verður að sjá dagsskipulag yfir hreyfistundir og jóga/hreyfistundir. Endurmat mun gefa viðmið um árangur.	Deildirnar eru duglegar að vera með hreyfistundir en vantar aðeins upp á samfellu.
Virkja þarf betra skipulag og skráningar í kringum kennaraþing sem gefur betri innsýn inn í markmið verkefnis. Verkefnin sem þegar eru gerð eru góð en vantar meiri sýnileika og hver tilgangurinn er með hverju verkefni.	Endurmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Kennaraþingsblöð verða virkjuð aftur og notuð í gegnum verkefnið. Blöðunum verður safnað saman í kennaraþingsmöppu sem merkt er hverri deild. Þannig verða verkefnin ígrunduð frá upphafi, sýnileg og auðvelt fyrir alla að átta sig á hvað er verið að vinna að. Ein skráning er svo gerð í tengslum við hvern viðburð sem nýttur er í kennaraþingið. Skráninguna er svo hægt að nota í ferilmöppur, jafnóðum fyrir börnin inni á deildum eða fyrir foreldra.	Verklok hjá aðstoðarleikskólastjóra eru í Ágúst 2025 og hjá deildastjórum í maí 2026.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.	Útfyllt kennaraþingsblöð sem sýna ferli verkefnisins, áherslu í kennslu, og ígrundun. Skráningar sem sýna frá verkefnum barnanna.	Kennaraþing eru gerð á öllum deildum en það vantar upp á skráningar og sýnileika.
Samverustundir eru uppfullar af flottum lærdómi á hverri deild en það vantar að skilgreina betri	Endurmat á námsþættinum	Stjórnendur og starfsfólk þarf að setjast niður og gera kennsluáætlun fyrir	Verklok kennsluáætlunar er í Ágúst 2025 og að fylgja	Ábyrgðaraðilar við gerð kennsluáætlunar eru stjórnendur skólans.	Tilbúin kennsluáætlun yfir veturinn og	Samverustundir eru á öllum deildum og

kennsluáætlun og hvað á að leggja áherslu á hverju sinni og hver áherslan er á hvaða aldursbili.	sjálfbærni og vísindi	samverustundir. Hvað er verið að leggja áherslu á hverju sinni. Einnig þarf að ákvarða betur hvað er kennt á hverju aldursbili. Deildastjórar og starfsfólk þarf svo að fylgja áætluninni eftir og merkja jafnóðum við hvað er klárað og ef það verða breytingar að skrifa það einnig inn. Endurmeta einu sinn í enda hvorrar annar.	áætlun eftir er í maí 2026	Ábyrgðaaðilar við að fylgja áætlun eftir eru deildastjórar.	merkingar um að henni sé fylgt eftir. Útskýringar ef eitthvað breytist og endurmat eftir hverja önn.	ýmislegt tekið fyrir. Það vantar upp á heildarsýnina yfir skólann og markvissari stundir.
Vinna þarf markvissara með heimsmarkmiðinn en nú þegar er unnið með þau en það er ekki nógu markvisst.	Endurmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Stjórnendur þurfa að kynna heimsmarkmið betur fyrir nýju starfsfólki. Nýta þarf tíma í byrjun skólaárs til þess. Stjórnendur þurfa að velja tvö heimsmarkmið sem leggja á áherslu á í gegnum skólaárið. Deildastjórar flétta þessi heimsmarkmið inn í starfið og er gott að nýta starfsáætlun deilda til að þetta sé markvisst gert. Deildastjórar og starfsfólk vinnur svo að þessu í gegnum veturinn. Metið í lok hvorrar annar.	Verklok á kynningu og vali á heimsmarkmiðum er september 2025. Verklok á því að vinna markvisst með markmiðin er í maí 2025.	Ábyrgðaraðilar að kynna heimsmarkmiðin og velja áherslur eru stjórnendur. Ábyrgðaraðilar í að flétta þessi tvö markmið markvisst inn í starfið og nýta starfsáætlun deilda eru deildastjórar.	Starfsáætlun deilda mun sýna hvað verður gert og hvernig það gengur. Endurmat í lok haust og vorannar mun gefa viðmið um árangur.	Ekki eru allir nýir starfsmenn með á hreinu hvernig heimsmarkmiðin tengjast inn í skólastarfið. Bæta þarf úr þessu og vera markvissari með þá vinnu.
Farsæld barna er komin vel á veg í leikskólanum en nú þarf að taka næsta skref og nú er markmiðið að koma því í æðakerfið hjá öllum starfsfólki skólans.	Endurmat á farsæld barna	Farsæld barna kynnt fyrir nýjum foreldrum á fundi. Kynning verður haldin fyrir starfsfólk næsta haust. Fræðsla fyrir deildastjóra í tengslum við það hvernig best er að kynna samþætta þjónustu. Fylla reglulega út gátlistana tengt farsæld barna og endurmeta og setja ný markmið. Bæta við	Verklok maí 2026	Ábyrgðaraðilar eru stjórnendur í leikskólanum. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru ábyrgir fyrir fræðslu handa deildastjórum og starfsfólki. Að kynna fyrir nýjum foreldrum og panta alla	Starfsáætlun deilda mun sýna hvað verður gert og hvernig það gengur. Endurmat gert í lok haust og vorannar og gátlistar reglulega úfylltir. Mun	Staðan er góð með farsæld barna og samþætta þjónustu í leikskólanum og er komin í góðan farveg hjá stjórnendum.

		tengilið fyrir farsældina. Deildastjórar halda uppi samtalinu inni á deild og á deildarfundum.		fræðslu. Deildastjórar og aðrir stjórnendur eru með ábyrgð á að halda þekkingunni á lofti inni á deild og á deildarfundum.	þetta gefa viðmið um árangur.	Nú þarf að víkka hringinn og koma þessu til allra starfsmanna.
--	--	--	--	--	----------------------------------	--

Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tíma fjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða ræða starfið á deildinni, koma með ábendingar og ræða á persónulegum nótum við sinn næsta yfirmann.	Nóvember 2024	15 - 30 mín pr. Starfsmann	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf deildarinnar og leikskólans	Haustönn 2025 og vorönn 2026	30-45 mín pr. Starfsmann	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina, skólanámskrá, heimasíðu og fleira efni sem nýtist nýjum starfsmanni	1x mánuði	30-40 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Mentor viðkomandi starfsmanns.
Allt starfsfólk	Starfsmannafundir: Samráð, fræðsla, endurmat	Þetta hópinn, stilla strengi, styrkja faglegt starf og faglega stefnu	Annar hvorn mánuð frá ágúst til júní	2 klst í senn	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna	2 x á önn	2 klst í senn	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fræðsla í tengslum við heimsmarkmiðinn, kennaraping og sjálfstýrandi þing. Fræðsla og heimsókn tengslum við útinám.	22. september.	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á haustönn og unnið áætlunum og skipulagi fyrir vorönn.	12. nóvember.	8 klst	Unnið á vinnutíma.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fræðsla og undirbúningur fyrir PALS fyrir haustið	26. janúar	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat hafið á vorönn og unnið áfram með námsefni og námsþætti sem verið er að innleiða og styrkja.	10. mars	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á vorönn klárað, unnið að undirbúningi og skipulagi fyrir haustönn. Hópefli fyrir starfsfólk.	15. maí	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Deildastjórar og aðrir stjórnendur skólans	Deildarstjórafundir	Faglegar umræður, skipulag starfsins og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Sérkennarar	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í viku	1 klst	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri
Aðstoðarleikskólastjóri	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kosið í stjórn félagsins og verkum skipt á milli stjórnarmeðlima. Línur lagðar fyrir veturinn	september	2 klst	Unnið utan hefðbundins vinnutíma	Leikskólastjóri
Leikskólastjóri	Aðalfundur foreldraráðs	Setja línurnar með nýju ráði fyrir veturinn	september	1 klst	Unnið utan hefðbundins vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

Leikskólinn Austurkór

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F. Sumarfrídagur	1. M. Ólafur björnir & víðir dætur	1. M. Ólafur björnir & víðir dætur	1. L. Skóladagur	1. M. Skóladagur	1. F. Heilingsdagur	1. S. Skóladagur	1. S. Skóladagur	1. M. Skólingsdagur	1. F. Heilingsdagur	1. M. Skólingsdagur	1. M. Skólingsdagur
2. L. Skóladagur	2. Þ. Skóladagur	2. F. Skóladagur	2. S. Skóladagur	2. Þ. Skóladagur	2. F. Skólingsdagur	2. M. Skóladagur	2. M. Skóladagur	2. F. Skóladagur	2. L. Skóladagur	2. Þ. Skóladagur	2. F. Skóladagur
3. S. Skóladagur	3. M. Skóladagur	3. F. Skóladagur	3. M. Skóladagur	3. M. Skóladagur	3. L. Skóladagur	3. Þ. Skóladagur	3. Þ. Skóladagur	3. F. Skólingsdagur	3. S. Skóladagur	3. M. Skóladagur	3. F. Skóladagur
4. M. Skólingsdagur	4. F. Skóladagur	4. L. Skóladagur	4. Þ. Skóladagur	4. F. Skóladagur	4. S. Skóladagur	4. M. Skóladagur	4. M. Skóladagur	4. L. Skóladagur	4. M. Skóladagur	4. F. Skóladagur	4. L. Skóladagur
5. Þ. Skóladagur	5. F. Skóladagur	5. S. Skóladagur	5. M. Skóladagur	5. F. Skóladagur	5. M. Skóladagur	5. F. Skóladagur	5. F. Skóladagur	5. S. Skóladagur	5. Þ. Skóladagur	5. F. Skóladagur	5. S. Skóladagur
6. M. Skóladagur	6. L. Skóladagur	6. M. Skóladagur	6. F. Skóladagur	6. L. Skóladagur	6. Þ. Skóladagur	6. F. Skóladagur	6. F. Skóladagur	6. M. Skóladagur	6. M. Skóladagur	6. L. Skóladagur	6. M. Skóladagur
7. F. Skóladagur	7. S. Skóladagur	7. Þ. Skóladagur	7. F. Skóladagur	7. S. Skóladagur	7. M. Skóladagur	7. L. Skóladagur	7. L. Skóladagur	7. Þ. Skóladagur	7. F. Skóladagur	7. S. Skóladagur	7. Þ. Skóladagur
8. F. Skóladagur	8. M. Skóladagur	8. M. Skóladagur	8. L. Skóladagur	8. M. Skóladagur	8. F. Skóladagur	8. S. Skóladagur	8. S. Skóladagur	8. M. Skóladagur	8. F. Skóladagur	8. F. Skóladagur	8. M. Skóladagur
9. L. Skóladagur	9. Þ. Skóladagur	9. F. Skóladagur	9. S. Skóladagur	9. Þ. Skóladagur	9. F. Skóladagur	9. M. Skóladagur	9. M. Skóladagur	9. L. Skóladagur	9. Þ. Skóladagur	9. F. Skóladagur	9. F. Skóladagur
10. S. Skóladagur	10. M. Skóladagur	10. F. Skóladagur	10. M. Skóladagur	10. M. Skóladagur	10. L. Skóladagur	10. Þ. Skóladagur	10. Þ. Skóladagur	10. F. Skóladagur	10. S. Skóladagur	10. M. Skóladagur	10. F. Skóladagur
11. M. Skóladagur	11. F. Skóladagur	11. L. Skóladagur	11. Þ. Skóladagur	11. F. Skóladagur	11. S. Skóladagur	11. M. Skóladagur	11. M. Skóladagur	11. L. Skóladagur	11. Þ. Skóladagur	11. F. Skóladagur	11. L. Skóladagur
12. Þ. Skóladagur	12. F. Skóladagur	12. S. Skóladagur	12. M. Skóladagur	12. F. Skóladagur	12. M. Skóladagur	12. F. Skóladagur	12. F. Skóladagur	12. S. Skóladagur	12. Þ. Skóladagur	12. F. Skóladagur	12. S. Skóladagur
13. M. Skóladagur	13. L. Skóladagur	13. M. Skóladagur	13. F. Skóladagur	13. L. Skóladagur	13. Þ. Skóladagur	13. F. Skóladagur	13. F. Skóladagur	13. M. Skóladagur	13. M. Skóladagur	13. L. Skóladagur	13. M. Skóladagur
14. F. Skóladagur	14. S. Skóladagur	14. Þ. Skóladagur	14. F. Skóladagur	14. S. Skóladagur	14. M. Skóladagur	14. L. Skóladagur	14. L. Skóladagur	14. Þ. Skóladagur	14. F. Skóladagur	14. F. Skóladagur	14. S. Skóladagur
15. F. Skóladagur	15. M. Skóladagur	15. M. Skóladagur	15. L. Skóladagur	15. M. Skóladagur	15. F. Skóladagur	15. S. Skóladagur	15. S. Skóladagur	15. M. Skóladagur	15. F. Skóladagur	15. M. Skóladagur	15. M. Skóladagur
16. L. Skóladagur	16. Þ. Skóladagur	16. F. Skóladagur	16. S. Skóladagur	16. Þ. Skóladagur	16. F. Skóladagur	16. M. Skóladagur	16. M. Skóladagur	16. L. Skóladagur	16. Þ. Skóladagur	16. F. Skóladagur	16. F. Skóladagur
17. S. Skóladagur	17. M. Skóladagur	17. F. Skóladagur	17. M. Skóladagur	17. F. Skóladagur	17. M. Skóladagur	17. L. Skóladagur	17. Þ. Skóladagur	17. F. Skóladagur	17. S. Skóladagur	17. M. Skóladagur	17. F. Skóladagur
18. M. Skóladagur	18. L. Skóladagur	18. M. Skóladagur	18. F. Skóladagur	18. L. Skóladagur	18. Þ. Skóladagur	18. F. Skóladagur	18. F. Skóladagur	18. M. Skóladagur	18. M. Skóladagur	18. L. Skóladagur	18. L. Skóladagur
19. Þ. Skóladagur	19. F. Skóladagur	19. S. Skóladagur	19. M. Skóladagur	19. F. Skóladagur	19. M. Skóladagur	19. F. Skóladagur	19. F. Skóladagur	19. S. Skóladagur	19. Þ. Skóladagur	19. F. Skóladagur	19. S. Skóladagur
20. M. Skóladagur	20. L. Skóladagur	20. M. Skóladagur	20. F. Skóladagur	20. L. Skóladagur	20. Þ. Skóladagur	20. F. Skóladagur	20. F. Skóladagur	20. M. Skóladagur	20. M. Skóladagur	20. L. Skóladagur	20. M. Skóladagur
21. F. Skóladagur	21. S. Skóladagur	21. Þ. Skóladagur	21. F. Skóladagur	21. S. Skóladagur	21. M. Skóladagur	21. L. Skóladagur	21. L. Skóladagur	21. Þ. Skóladagur	21. F. Skóladagur	21. S. Skóladagur	21. Þ. Skóladagur
22. F. Skóladagur	22. M. Skóladagur	22. M. Skóladagur	22. L. Skóladagur	22. M. Skóladagur	22. F. Skóladagur	22. S. Skóladagur	22. S. Skóladagur	22. M. Skóladagur	22. F. Skóladagur	22. M. Skóladagur	22. M. Skóladagur
23. L. Skóladagur	23. Þ. Skóladagur	23. F. Skóladagur	23. S. Skóladagur	23. Þ. Skóladagur	23. F. Skóladagur	23. M. Skóladagur	23. M. Skóladagur	23. F. Skóladagur	23. L. Skóladagur	23. Þ. Skóladagur	23. F. Skóladagur
24. S. Skóladagur	24. M. Skóladagur	24. F. Skóladagur	24. M. Skóladagur	24. F. Skóladagur	24. L. Skóladagur	24. Þ. Skóladagur	24. Þ. Skóladagur	24. F. Skóladagur	24. S. Skóladagur	24. M. Skóladagur	24. F. Skóladagur
25. M. Skóladagur	25. L. Skóladagur	25. M. Skóladagur	25. F. Skóladagur	25. L. Skóladagur	25. Þ. Skóladagur	25. S. Skóladagur	25. M. Skóladagur	25. L. Skóladagur	25. M. Skóladagur	25. F. Skóladagur	25. L. Skóladagur
26. Þ. Skóladagur	26. F. Skóladagur	26. S. Skóladagur	26. M. Skóladagur	26. F. Skóladagur	26. M. Skóladagur	26. F. Skóladagur	26. F. Skóladagur	26. S. Skóladagur	26. Þ. Skóladagur	26. F. Skóladagur	26. S. Skóladagur
27. M. Skóladagur	27. L. Skóladagur	27. M. Skóladagur	27. F. Skóladagur	27. L. Skóladagur	27. Þ. Skóladagur	27. F. Skóladagur	27. F. Skóladagur	27. M. Skóladagur	27. M. Skóladagur	27. L. Skóladagur	27. M. Skóladagur
28. F. Skóladagur	28. S. Skóladagur	28. Þ. Skóladagur	28. F. Skóladagur	28. S. Skóladagur	28. M. Skóladagur	28. L. Skóladagur	28. L. Skóladagur	28. Þ. Skóladagur	28. F. Skóladagur	28. S. Skóladagur	28. Þ. Skóladagur
29. F. Skóladagur	29. M. Skóladagur	29. M. Skóladagur	29. L. Skóladagur	29. M. Skóladagur	29. F. Skóladagur	29. S. Skóladagur	29. S. Skóladagur	29. M. Skóladagur	29. F. Skóladagur	29. M. Skóladagur	29. M. Skóladagur
30. L. Skóladagur	30. Þ. Skóladagur	30. F. Skóladagur	30. S. Skóladagur	30. Þ. Skóladagur	30. F. Skóladagur	30. M. Skóladagur	30. M. Skóladagur	30. L. Skóladagur	30. Þ. Skóladagur	30. F. Skóladagur	30. F. Skóladagur
31. S. Skóladagur	31. M. Skóladagur	31. F. Skóladagur	31. M. Skóladagur	31. F. Skóladagur	31. L. Skóladagur	31. Þ. Skóladagur	31. Þ. Skóladagur	31. F. Skóladagur	31. S. Skóladagur	31. M. Skóladagur	31. F. Skóladagur